

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**706. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn þriðjudaginn 2. ágúst 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við skólastjóra grunnskólans.
3. Fundargerð félagsmálaráðs.
4. Húnasjóður, umsóknir.

**Afgreiðslur:**

1. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu framkvæmdir sem eru í gangi s.s. vatnsveitu, knattspyrnuvöll, skipulagsmál o.fl.
2. Skólastjóri grunnskólans er mættur til viðræðna við byggðarráð. Kynnti hann verðtilboð í rekstrar-og hýsingarþjónustu tölvukerfa sveitarfélagsins frá Tölvumiðlun ehf, EJS ehf. og Tengli ehf. Samþykkt að ganga til viðræðna við Tengil ehf.
3. Fundargerð 117. fundar félagsmálaráðs frá 26.07.2011. Fundargerð í 6 liðum. Borinn upp 6. liður, úthlutun íbúða fyrir aldraða. 6. liður samþykktur samhljóða. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin upp og samþykkt samhljóða.
4. Lagðar fram umsóknir um styrki úr Húnasjóði. Átta umsóknir bárust. Byggðarráð samþykkir að veita eftirtöldum umsækjendum styrk úr Húnasjóði árið 2011:  
Birni Líndal Traustasyni, nema í viðskiptafræði.  
Guðna Ellertssyni, nema í búfræði.  
Hrund Jóhannsdóttur, nema í ferðamála-markaðsfræði og alþjóða viðskiptum.  
Söru Ólafsdóttur, nema í grunnskólakennarafræðum.  
Steinunni Eðvaldsdóttur, nema í hjúkrunarfræði.  
Eydísi Ósk Indriðadóttur, nema í hestafræðum.  
Ingvaldi Ásu Konráðsdóttur, nema í þroskaþjálfarafræðum  
Snorra Marteinsyni, nema í hagfræði  
Styrkfjárhæð á hvern styrkþega er kr. 100.000

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:10

---

Stefán E. Böðvarsson

---

Sigurbjörg Jóhannsdóttir

---

Elín R. Líndal

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúi

---

Elín Jóna Rósinberg.